

afnot af landi þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta og lóðarafnot, ef þau gefa arð.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekki verði talið að gerðarþoli hafi haft afnot jarðarinnar Lambeyri árið 1933 í merkingu hinnar tilvitnuðu lagagreinar, þótt hann léti vinna á túni jarðarinnar það ár. Tekjur gerðarþola af jörðinni nefnt ár virðast hinsvegar eingöngu hafa verið leigutekjur, en gerðarþoli hafi ekki haft nein afnot jarðarinnar. En þar sem ekki verður álitid að leigutekjur heyri undir hið tilvitnaða laga ákvæði, verður rétturinn að líta svo á, að hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hafi verið óheimilt að leggja útsvar á gerðarþola á árinu 1934. Það verður því að taka kröfu gerðarþola til greina, og fella lögtakið úr gildi, en málskostnað er fógetarétturinn ekki bær að dæma um.

Miðvikudaginn 27. maí 1936.

Nr. 1/1936. **Ölver Karlsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hallfríði Stefaníu Axelsdóttur

(Enginn).

Ómerking dóms í barnsfaðernismáli.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 19. ágúst 1935: Vinni stúlkan, Hallfríður Stefanía Axelsdóttir Stóragerði Hörgárdal innan Eyjafjarðarsýslu, eið að því, á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærða, Ölver Karlsson Myrkárdal, á tímabilinu frá 10 ág. 1933 til 20. okt. 1933, þá skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfreður málskostnað allan, þar í 20.00 kr. til talsmanns kærða.

Vinni hún hinsvegar ekki eiðinn, skal kærði vera

sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli, og málskostnaður greiðast af almannafé.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 10. jan. þ. á. Hér fyrir rétti hefir stefnda hvorki mætt né látið mæta og er henni þó löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir hér fyrir rétti gert þá frumkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að ýtarlegri rannsókn verði látin fara fram í héraði um ýms atriði málsins.

Af skjölum málsins verður eigi séð, að sátta hafi verið leitað með aðiljum, og voru þau þó bæði sjálf mætt í réttarhöldum 18. ágúst og 18. október 1934 í lögreglurétti Eyjafjarðarsýslu. Auk þess verður að telja, að rannsókn málsins í héraði sé að sumu leyti ekki nægilega ýtarleg, og þykir nauðsyn bera til, að framhaldsrannsókn fari fram um eftirgreind atriði.

1. Hversu oft og á hvaða tíma stefnda hefir dvalið á Féeeggsstöðum.

2. Hvort Hallgrímur Hallgrímsson á Féeeggsstöðum er kvæntur.

3. Hvort það er rétt, sem verjandi áfrýjanda í héraði hefir haldið fram, að Hallgrímur Hallgrímsson á Féeeggsstöðum hafi tvisvar heimsótt stefndu á Akureyri sumarið 1933 og, ef svo er, á hvaða tíma það hafi verið, hvert erindi hans hafi verið og hvort hann hafi í þau skipti verið einn með stefndu.

4. Hvort kunningsskapur þeirra stefndu og Arn-

ljóts Ólafssonar á Akureyri, sem um getur í málinu, hafi verið nánari en stefnda hélt fram í réttarhaldinu 18. febr. 1935.

5. Auk þess ber að upplýsa nánar um hegðun stefndu á Akureyri sumarið 1933 og yfirheyra þáverandi húsbændur hennar á Akureyri í því skyni. Sérstaklega ber að spyrja þá um það, hvort þeir geti gefið upplýsingar um þau atriði, sem greinir í 3. og 4. lið, hér að framan.

Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til framhaldsrannsóknar um framangreind atriði, og önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa efni til, og löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu heim aftur í hérað til framhaldsrannsóknar um framangreind atriði og löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.
